



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Velferðarsvið Kópavogs

b.t. Karenar E. Halldórsdóttur, formanns

Kópavogur, 19.8 2021
Málsnúmer 2108773

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa velferðarráðs - lagt fram til upplýsingar

Á fundi velferðarráðs þann 28. júní sl. lögðu Donata Honkowicz-Bukowska og Kristín Sævarsdóttur, fulltrúar í velferðarráði fram fyrirspurnir, án bókunar. Leitað var til lögfræðings sviðsins við að svara spurningum fulltrúa.

1. Hvernig eru reglur um aðgang foreldra með sameiginlegt forræði að fundum og gögnum um fatlað barn sitt þegar barnið er með lögheimili hjá hinu foreldrinu?

Svar: Sömu reglur og eiga við um lögheimilisforeldri. Á almennt rétt á öllum upplýsingum um barnið nema ef hagsmunir foreldris þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef upplýsingagjöf telst skaðleg fyrir barn

2. Hvernig er þjónusta veitt til fatlaðs barns þegar það dvelur hjá því foreldri sem ekki býr á lögheimili barns?

Svar: Þjónusta til fatlaðra barna er veitt óháð dvalarstað, þ.e. þjónustan er veitt á sama hátt og hún er á lögheimili, þó alltaf í samráði við foreldra og forsjáraðila og eins og hentar best á hverjum stað.

3. Hvaða upplýsingar eru veittar til þessi foreldris fatlaðs barns sem ekki býr á lögheimili barnsins en er með sameiginlegt forræði?

Svar: Þær upplýsingar sem beðið er um með þeim takmörkunum sem nefndar eru að ofan. Ekki eru veittar upplýsingar um lögheimilisforeldri.

Forsjáforeldri:

Réttur forsjárforeldris til aðgangs að gögnum eða upplýsingum um barn sitt leiðir af inntaki forsjárinna.

Foreldri ekki með forsjá:

Réttur foreldris sem ekki hefur forsjá barns byggir á 2. mgr. 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003, og það foreldri rétt á að fá aðgang að skriflegum gögnum um barnið frá skólum og leikskólum en einnig rétt á að fá munnlegar upplýsingar frá öðrum aðilum sem fara með mál þess, s.s. barnaverndarnefndum. Í þessum rétti forsjárlauss foreldris felst ekki heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris. Það leiðir beinlínis af tilganginum með ákvæðinu sem er að greiða fyrir vitneskju um hagi barns. Heimilt er að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingagjöf sé skaðleg fyrir barn, sbr. 3. mgr. 52. gr. barnalaga.

Markmið með ákvæði 52. gr. um rétt til upplýsingarétt barns er að viðurkenna réttmætt tilkall foreldris sem ekki fer með forsjá til að fylgjast með barni, m.a. heilsuhögum þess, þroskaferli, skólagöngu, uppeldi, félagslegri stöðu og þátttöku þess í félagsstarfi. Ákvæðið gerir ráð fyrir að forsjárlaust foreldri hafi frumkvæði að því að óska eftir upplýsingum.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Umrætt lagaákvæði um afmarkaðan rétt forsjárlausra er reist á þeim sjónarmiðum að réttarstaða forsjárforeldra og forsjárlausra sé í grundvallaratriðum ólík þar sem forsjárforeldrar hafi einir rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barna sinna. Með vaxandi áherslu á að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns má gera ráð fyrir að æ sjaldnar reyni á ákvæðið. Þetta á sérstaklega við þegar heimild er í lögum til að dæma sameiginlega forsjá. Ef slík heimild er í lögum verður að gera ráð fyrir að tiltekna ástæður muni yfirleitt liggja því að baki að foreldri njóti ekki forsjár sem um leið réttlæti takmarkanir á rétti forsjárlausra foreldra í samanburði við þá sem fara með forsjá barns.

Nauðsynlegt er að undirstrika að forsjárforeldri er almennt heimilt að láta forsjárlausu foreldri í té afrit af gögnum ef foreldri telur það barni fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
deildarstjóri þjónustudeildar fatlaðra

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026